

**Brjef stjórnarráðsins til póstmeistara um afhending í Danmörku á póstbögglum frá Íslandi.** 4  
12. febr.

Með brjefi innanríkisstjórnarinnar, dags. 15. júní 1883 (Stjórnartíðindi B 1883, bls. 71—72), er það ákveðið, að póstbögglar þeir, sem koma frá Íslandi til Kaupmannahafnar og sendandi hefir vottað um, að í þeim sjeu aðeins íslenskar afurðir eða munir, er sendir sjeu til viðgerðar og verði svo endursendir, afhendist póststjórninni þegar í stað af tollstjórninni til afhendingar til viðtakenda.

Í brjefi, dags. 13. f. m., hefir aðalpóststjórnin skýrt stjórnarráðinu frá því, að frá 1. þ. m. verði við afhending póstbögglar frá Íslandi farið eftir framannefndum reglum á öllum tollstöðvum í Danmörku.

Þetta er yður, herra póstmeistari, hjermeð tjáð til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð sjómanna í Vestmannaeyjum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 3. febr. 1909. 5

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir

**styrktarsjóð sjómanna í Vestmannaeyjum.**

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af gjöf frá »Skipaábyrgðarfjelagi Vestmannaeyja«, sem var að upphæð 600 krónur hinn 1. janúar 1908.

2. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að styrkja aldurhnigna eða heilsuþilaða sjómenn, sem lögheimili hafa átt í Vestmannaeyjum að minsta kosti 10 ár samfleytt, og stundað þar sjó jafnlangan tíma, og verið að almenningsáliti reglumenn, og eru þar heimilisfastir þegar styrkur er veittur úr sjóðnum; skal styrkurinn veittur árlega eftir þörf og verðleikum.

3. gr.

Aðalumsjón sjóðsins hefir sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu á hendi, gætir þess að skipulagsskráin sje ekki brotin og gefur hún reglugerð fyrir stjórnarnefndina.

3. febr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, sem árlega eru kosnir, einn af sýslunefnd, annar af hreppsnefnd og þriðji af stjórn »Bátaábyrgðarfjelds Vestmannaeyja«; auk þess kýs hreppsnefnd einn varamann í stjórnina. Stjórnin gengst fyrir samskotum til sjóðsins, veitir árstekjunum móttöku, ákveður allar styrkveitingar, semur reikning sjóðsins og leggur hann árlega fyrir sýslunefndina til úrskurðar.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal auka hann á þann hátt, sem hér segir:

- a) með því að leggja við hann alla ársvexti, uns þeir eru orðnir 100 krónur,
- b) með því þareftir að leggja við hann  $\frac{1}{5}$  árlegra vaxta, uns þeir eru orðnir 200 krónur og þareftir  $\frac{1}{10}$ ,
- c) með tillögum og gjöfum, sem sjóðnum kunna að hlotnast,
- d) með því að leggja við höfuðstólinn það af árstekjunum, sem eigi kann að verða útbýtt.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður í bankavaxtabrjefum eða á annan fulltryggan hátt og ber stjórnin sameiginlega ábyrgð á sjóðnum.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar konungs.

Vestmannaeyjum, 16. desember 1908.

*G. J. Johnsen.*

*Sigurður Sigurfinnsson.*

*Árni Filippusson.*